


Kópavogsbær
Smári Smárason,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. júlí 2009
Tilvísun: UST20090500108/ksj

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Kópavogs. Suðvesturlínur

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2000 - 2012. Háspennulínur - flutningskerfi raforku í lögsögu Kópavogs.

Tillagan felur í sér framkvæmdir sem eru áfangi í langtímauppbryggingu raforkuflutningakerfis á Suðvesturlandi.

Landsnet hefur lagt fram áætlun um uppbryggingu og styrkingu á flutningskerfi raforku á Suðvesturlandi Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og þaðan út á Reykjanesskaga. Hluti vœtanlegrar framkvæmdar verður innan marka Kópavogsbæjar og skiptist í 3 hluta. Við Lyklafell við Sandskeið eru Búrfellslína 3 og Kolviðarholslína 1 og þar er gert ráð fyrir nýrri línu Kolviðarholslínu 2 og niðurrifi Sogslínu 2. Á hinum tveimur svæðunum fylgir fyrirhugað kerfi núverandi háspennulínu ofan Selfjalls og Húsafells. Þar er gert ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum, Sandskeiðslínu 1 og Búrfellslínu 3. Alls verða því þrjár samhlíða háspennulínur með u.p.b. 50 m millibili á lagnaleiðinni auk þess sem gert er ráð fyrir um 30 til 50 m helgunarsvæði sitt hvoru megin línumannar.

Tilgangurinn með breytingunum er að byggja upp raforkuflutningakerfið svo það verði í stakk búið til að mæta framtíðaráformum um orkuflutninga á svæðinu. Skipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfisáhrif

Háspennulínur af þeiri stærð sem hér er áætlun um munu hafa mikil sjónræn áhrif og áhrif á útvistargildi svæðisins þar sem þær fara um. Umhverfisstofnun telur þó þessa áætlun ásættanlega þar sem línu verða lagðar eftir leið eldri lína. Varðandi frekari umsögn um umhverfisáhrif bendir Umhverfisstofnun á umsögn stofnunarinnar um heildarframkvæmd línlagnarinnar dagsett 25 júní sl.

Niðurstaða

Leggja á tvöfalta raforkulínu og stækka línu vegna uppbryggingar og styrkingar flutningskerfis raforku á Suðvesturlandi og er hluti framkvæmdarinnar ráðgerður innan Kópavogsbæjar, og á þeiri leið m.a. farið gegnum Bláfjallafólkvang. Í greinargerð og

umhverfisskýrslu kemur fram að línuleiðirnar verða samsíða svo rask og stígagerð verði haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun álítur að áætlunin sé ásættanleg þar sem nýju línurnar verða lagðar samsíða þegar röskuðu línustæði. Umhverfisstofnun telur að niðurstaðan fari mjög eftir þeim vinnubrögðum sem beitt verður við sjálfa framkvæmdina. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun en telur að undirbúningur og vinnubrögð við framkvæmdina sjálfa þurfi að vera mjög vönduð enda farið um fólkvang.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Hjalti Guðmundsson

Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun